

**Ed.**

**141. Nefndarálit**

**[7. mál]**

um frv. til laga um sameiningu sveitarfélaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. þetta hefur verið rætt í nefndinni, en samstaða ekki náðst um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir nefndarmenn höfum við frv. þetta að athuga:

1. Ákvæði í 2. gr. um sérstakan erindreka á vegum félagsmálaráðuneytisins til þess að annast sameiningarmál sveitarfélaga teljum við með öllu óþörf. Eins og horfir er engin ástæða til þess að ætla, að slíkt starf verði svo umfangsmikið, að starfsmönnum ráðuneytisins, sem fyrir eru, verði það ofraun. En ef það sýnir sig, að svo mikill sé áhugi fyrir sameiningu, að fullt starf væri fyrir einn mann, þá er hægt að taka málið upp til athugunar að þessu leyti. Víða um starfsmannakerfi hins opinbera vantar aukið vinnuafli, svo að til erfiðleika horfir, og lagt kapp á vegna fjárskorts að fjölga ekki starfsfólki. Þykir því sízt ástæða að efna til stofnunar nýs embættis um verkefni, sem alls ekki er vitað, hvert verður eða hvort nokkuð verður, svo að heitið geti, í náinni framtíð. Við teljum því, eins og nú standa sakir, enga ofætlun ráðuneytinu að hafa með sameiningarmálin að gera án sérstaks erindreka.
2. Þegar ágreiningur verður um sameiningu innan sveitarstjórnar, sbr. 5. gr. frv., teljum við, að skylt eigi að vera að bera ágreiningsmálið undir atkvæði íbúa sveitarfélags.
3. Til þess að ráðherra sé heimilt, sbr. 13. gr., að sameina hrepp nágrennasveitarfélagi, þykir okkur eðlilegt, að fyrir verði að liggja samþykki viðkomandi sýslunefndar a. m. k. og/eða bæjarstjórnar. Við bendum á, að um það geti verið að ræða að færa sveitarfélög á milli lögsagnarumdæma. Má þá ekki minna vera en leitað sé samþykkis þessara aðila.

Um þessi atriði og önnur minni háttar flytjum við breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1969.

Björn Fr. Björnsson,      Ásgeir Bjarnason.  
frsm.